

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Dalvíkurbyggð

1. gr.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (urðunar- og sorphreinsgjald).

2. gr.

Sorphirðugjaldið er lagt á hverja íbúð í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Auk þess en innheimt hálf gjald af frístundarhúsum sem innheimt er með sama hætti.

Búrekstraraðilum er gefinn kostur á að greiða sérstaklega fyrir ílát undir búrekstrarúrgang, flutning hans og förgun samkvæmt gjaldskrá þessari. Þá er lagt á búfjáreigendur sérstakt gjald til að standa straum að kostnaði við förgun dýraleifa og tekur gjaldið mið að því að það standi undir kostnaði við förgunina.

3. gr.

Sorphirðugjaldið og úrvinnslugjald á endurvinnslustöð á Dalvík er sem hér greinir:

- a) Íbúðir, sorphirðugjald, kr. 42.443,-
- b) Frístundarhús, kr 21.222,-
- c) Gjöld vegna úrgangs sem tekið er á móti í endurvinnslustöð á er eftirfarandi:
 - Fyrir áætlað lámarks magn allt að 100 kg. eða 1,5 m³ skal greiða í móttöku og flutningsgjald kr. 3.864 og í urðunargjald kr. 4.664 eða samtals kr. 8.528.
 - Fyrir hvert kíló umfram 100 kg greiðist samtals í móttöku og flutninggjald kr.39,3 og kr.46,75 í urðunargjald og fyrir hvern 1,5 m³ umfram 1,5 m³ bætist kr.3.864 fyrir móttöku og flutningsgjald og kr.4.664 í urðunargjald.
- d) Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappambúðir, plastumbúðir, hjólbarðar, heyrúlluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.
- e) Íbúar Dalvíkurbyggðar þurfa ekki að greiða móttökugjald fyrir úrgang sem tengdur er venjulegum heimilisrekstri á endurvinnslustöð á Dalvík.

4. gr.

Úrvinnslugjald vegna úrgangs frá búrekstri og dýraleifa er eftirfarandi:

- a. 240 lítra tunna fyrir almennan úrgang losuð tvisvar í mánuði 33.960 kr/ár
- b. 360 lítra tunna fyrir almennan úrgang losuð tvisvar í mánuði 45.280 kr/ár
- c. 240 lítra endurvinnslutunna losuð einu sinni í mánuði 16.817 kr/ár.
- d. Gjald fyrir eyðingu dýraleifa er lagt á heildarfjölda hvernar búfjartegundar samkvæmt búfjárefirlitsskýrslu og er eftirfarandi:

Nautgripir 1.036 kr./grip	Sauðfé og geitfé 191 kr./grip
Hross 407 kr./grip	Grísir 674 kr./grip

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, er staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitafélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt lögum nr.

55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum.

Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá um sorphirðu í Dalvíkurbyggð nr. 1170/2016 úr gildi. Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (urðunar- og sorphreinsigjald).

Samþykkt á fundi umhverfisráðs 07.11.2017

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 14.12. 2017

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 2018.

Dalvíkurbyggð 18. desember 2017.

Bjarni Th Bjarnason
sveitarstjóri